

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útborgun á fje veittu **123**  
 Hjaltalín landlækni í viðurkenningarskyni. — Með þóknanlegu brjefi frá 13. sept. p. 6. nóv.  
 á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, er samþykkt var á síðasta alþingi  
 og þarsem skorað er á ráðgjafann fyrir Ísland að annast um, að sá hluti, er enn er  
 ógoldinn af upphæð þeirri, er veitt var landlækni Jóni heitnum Hjaltalín í viðurkenningarskyni með fjárlögnum fyrir 1882 og 1883, verði greiddur í dánarbú hans.

Það ályktun sú, er þannig hefur samþykkt verið, ber það með sjer, að þingið vill, að nefnd veiting verði skoðuð sem gefin í viðurkenningarskyni í eitt skipti fyrir öll, veitist yður, herra landshöfðingi, hjermeð heimild til að sjá um greiðslu þess, sem ógöldið er af veitingunni, til dánarbúsins.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um framkvæmd prestsverka í **124**  
 Hólmaprestakalli. — Með þóknanlegu brjefi frá 24. sept. p. á., hafið þjer, herra 8. nóv.  
 landshöfðingi, skýrt ráðgjafanum frá því, að nokkrir menn í Hólmaprestakalli, sem fylgja trúarsetningum þjóðkirkjunnar, hafi af óánægju yfir því, að brauð þetta á sínum tíma eigi var veitt þeim umsækjanda, er þeir mæltu með, sagt sig út úr þjóðkirkjunni, og vilji nú ekki þiggja prestsþjónustu af hendi sóknarprestsins eða greiða honum lögskipuð gjöld, og hafið þjer getið þess, að þessir menn, sem nefna sig fríkirkjumenn, hafi nú fengið sjera Lárus Halldórsson, sem leystur var frá embætti samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 15. júní p. á., til að gegna öllum prestsverkum fyrir sig.

Með tilliti til þessa hafið þjer sent hingað eptirrit af brjefi biskupsins yfir Íslandi, þarsem hann til bráðabirgða hefur kveðið nei við spurningu frá hlutadeigandi prófasti um það, hvort leyfa skuli L. Halldórssyni, ef hann færi þess á leit, að nota kirkjuna á Hólmu til guðsþjónustu og annara kirkjulegra athafna og kirkjugarðinn þar til greptrunar, og hafið þjer beiðst úrskurðar ráðgjafans í málinu. Jafnframt hafið þjer spurst fyrir um það, hverja aðferð skuli við hafa gegn Lárusi Halldórssyni, ef hann mót von vill eigi gegna skipun biskups, byggðri á úrskurði ráðgjafans, um að láta framvegis af að framkvæma prestsverk í Hólmaprestakalli.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða að tilkynna yður það, er hjer segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í stjórnartíðindunum.

Með því að landsmenn samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við lsannfæringu hvers eins, þá verður mönnum þeim í Hólmaprestakalli, sem hafa sagt sig út úr þjóðkirkjunni eigi bannað að láta prest þann, er þeir hafa til þess ráðið, framkvæma prestsverk fyrir sig, en bæði er það, að þeir geta eigi fyrir það komizt hjá því að greiða sóknarprestinum gjöld þau, er honum bera, og má, ef til þess kemur, ná þeim inn með lögsókn, enda er Lárusi Halldórssyni, eins og biskupinn tekur fram, óheimilt að nota hvort heldur kirkjuna á Hólmu eða áhöld hennar eða kirkjugarðinn við þjónustugjörðir sínar. Prestsverk Lárusar Halldórssonar t. d. barnaskirnir, hjónavígslur og fermingar hafa þar að auki eigi þá borgaralegu þýðingu, sem lögin binda við þessar athafnir þegar prestar þjóðkirkjunnar framkvæma þær, og leiðir af því, að þeir, sem láta sjer nægja vígslu hans, lifa eigi saman í löglegu hjónabandi, börn þeirra eru óskilgetin og taka ekki arf eptir föður sinn o. s. frv. Það L. Halldórsson að endingu eigi getur

22. d. des. 1883.